



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 21. mars – 7. okt. 2018

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Flugklasinn tók þátt í skíðaferðinni 5x5 eins og undanfarin ár, sem haldin er af MN og samstarfsfyrirtækjum og er hluti af Ski Iceland verkefninu. Ferðin var farin 12. apríl og er mikilvægur hluti af kynningarstarfi á vetrarferðamennsku á Norðurlandi.

Flugklasinn og MN stóðu fyrir FAM ferð fyrir fulltrúa íslenskra ferðaskrifstofa í lok maí 2018. Er þetta fjórða ferðin af þessum toga síðustu misseri og að þessu sinni var farið um svæðið frá austanverðum Eyjafirði til Húsavíkur. Fulltrúar frá 12 ferðaskrifstofum tóku þátt í ferðinni og tókst hún vel í alla staði.

Flugklasinn framleiddi nýtt kynningarmyndband fyrir Norðurland á árinu. Framleiðslan kemur í framhaldi af myndbandi sem gert var sumarið 2017 og að þessu sinni var áherslan á vetur og vetrarafþreyingu. Tjarnargatan í Reykjavík sá um framleiðsluna, en það fyrirtæki vann síðasta myndband sem fékk mikið lof fyrir að vera vandað og vel gert. Myndbandið var frumsýnt í ágúst og hefur nú þegar nýst vel í kynningarstarfi flugklasans. Þetta nýja myndband ásamt því sem framleitt var 2017 eru gríðarlega mikilvæg tæki í markaðssetningu á áfangastaðnum Norðurlandi. Nýja myndbandið er að finna hér <https://www.youtube.com/watch?v=FzPlm9HJri4>

Fulltrúi flugklasans sótti ferðaráðstefnuna Routes Europe eins og undanfarin ár. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin á Spáni 22.-24. apríl og gekk mjög vel. Fyrirfram voru bókaðir átta fundir með flugvöllum og sjö fundir með flugfélögum, en á staðnum náðust átta styttri óundirbúnir fundir með flugfélögum (s.k. Fast Track sem var nýmæli á Routes Europe að þessu sinni). Alls sat fulltrúi flugklasans 25 fundi, þar af fimmtán með flugfélögum, átta með flugvöllum og tvo með ráðgjöfum í flugbransanum. Er þetta meira en nokkru sinni og sýnir vaxandi áhuga á áfangastaðnum. Fundirnir voru bæði með nýjum aðilum og aðilum sem flugklasinn hefur áður hitt og verið í samskiptum við. Mjög mikilvægt er að fara á sýningu sem þessa til þess að festa áfangastaðinn Norðurland í sessi í hugum flugrekenda um allan heim.

Flugklasinn og MN tóku virkan þátt í VestNorden ferðakaupstefnunni sem haldin var að þessu sinni á Akureyri 1.-4. október. Kaupstefnan heppnaðist mjög vel í alla staði og mikil ánægja var með hana bæði meðal sýnenda (seljenda) og gesta (kaupenda). Þátttakendur voru fleiri en þegar sýningin var síðast haldin í Reykjavík 2016 og talsvert margir nýir kaupendur að þessu sinni. Um 600 manns fóru í skipulagðar ferðir um Norðurland meðan á kaupstefnunni stóð, auk yfir 30 manns sem fóru í lengri kynningarferðir í aðdraganda sýningarinnar. MN og flugklasinn áttu 4 fulltrúa á kaupstefnunni sem náðu samtals 70 fundum með kaupendum, auk þess að taka á móti blaðamönnum í tengslum við sýninguna.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Flugklasinn hefur unnið áfram í góðu samstarfi við Super Break að áframhaldandi flugferðum þeirra til Akureyrar. Komandi vetur áformar Super Break alls 29 brottfarir frá mismunandi flugvöllum í Bretlandi til Akureyrar, sem er tvöföldun á áætlun þeirra síðasta vetur. Auk þess er um að ræða fleiri sæti í boði í hverri ferð, 202 nú í stað 189 áður.

Super Break hefur samið við annað flugfélag til að sinna fluginu í vetur. Samið var við flugfélagið Titan Airways í Bretlandi, sem hefur mikla reynslu af mismunandi verkefnum víða um heim. Titan Airways hefur nú þegar varið miklum tíma í undirbúning fyrir flugin til Akureyrar og áformar að koma í heimsókn í nóvember, áður en áætlunin hefst, til þess að skoða aðstæður og kynnst fólkinu sem þjónustar flugin. Er þetta miklu meiri og betri undirbúningur heldur en Enter Air sýndi fyrir síðasta tímabil og Flugklasinn er sannfærður um að það muni skila sér í færri tilvikum þar sem ekki verður hægt að lenda á Akureyri, þrátt fyrir að nýr ILS aðflugsbúnaður verði ekki kominn upp fyrir veturinn.

Fyrsta flug verður 10. desember og svo er flogið tvisvar í viku á mánudögum og föstudögum fram í mars. Dæmi eru um að fólk sem kom síðasta vetur sé búið að bóka aftur fyrir næsta vetur og það segir margt um ánægju gestanna. Búið er að selja milli 40 og 50% af öllum sætum í boði sem er í samræmi við áætlanir Super Break. Aðalsölutímabilið er núna á haustmánuðum og mesti kraftur í markaðssetningu hjá þeim er einmitt í september og október. Nýlega setti Super Break sjónvarpsauglýsingu í birtingu, þar sem hluti af myndefni úr nýja vetrarmyndbandi flugklasans var nýtt til að búa til auglýsinguna. Þessi auglýsing birtist í sjónvarpi um allt Bretland og er auðvitað frábær kynning fyrir Norðurland. Sjá má auglýsinguna hér <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/frettir-af-innra-starfi/frettir/super-break-auglysir-nordurland-i-bresku-sjonvarpi>

Flugklasinn fékk boð ásamt Super Break um að afhenda verðlaun á The Beverly Race Course Ladies Day þann 15. Ágúst. Þetta er árlegur viðburður á veðreiðabrautinni í Beverly, sem er staðsett á milli York og Hull á Englandi. Í verðlaun fyrir best klæddu konu dagsins var ferð fyrir tvo með Super Break til Norðurlands frá Humberside Airport. Super Break gaf verðlaunin en fékk í staðinn auglýsingapláss á veðreiðabrautinni eins og sjá má á meðfylgjandi



myndum. Alls komu um 12.000 gestir á veðreiðarnar þennan dag og Norðurland fékk því afar góða kynningu á þessum vettvangi.

Í framhaldi af veðreiðunum fór fulltrúi flugklasans í heimsókn til höfuðstöðva Super Break í York. Heimsóknin var mjög gagnleg í alla staði og styrkti enn frekar samstarf flugklasans og Super Break í aðdraganda flugferðanna í vetur. Flugklasinn var með kynningu á nýju myndböndunum fyrir nokkra mismunandi hópa starfsfólks ferðaskrifstofunnar og fundað var um ýmis atriði varðandi framkvæmd flugferðanna framundan.



Ljóst er að beint millilandaflug á vegum ferðaskrifstofunnar Super Break frá Bretlandi til Akureyrar hefur haft jákvæð áhrif á þróun millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og vakið athygli fleiri aðila á áfangastaðnum. Flugklasinn á nú í viðræðum við hollenska ferðaskrifstofu sem hefur áform um leiguflug beint til Akureyrar – með svipuðu sniði og Super Break. Verið er að skoða leiguflugsseríu annars vegar yfir sumartímamann og hins vegar yfir háveturinn. Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N hafði fyrst samband við ferðaskrifstofuna í apríl 2017 og kynnti þar möguleikann á því að fljúga beint til Akureyrar. Það var svo núna í sumar sem hjólin fóru að snúast af alvöru og síðustu mánuði hefur verið unnið mjög markvisst að undirbúningi verkefnisins. Svona verkefni þurfa mikinn undirbúning og hafa oftast langan aðdraganda fram að fyrstu flugferð. Þá er rétt að taka fram að nýlegar fréttir um að ILS aðflugsbúnaður fyrir aðflug úr norðri á Akureyrarflugvöll verði settur upp, eykur mjög líkur á að af þessum áformum verði.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) vann könnun fyrir flugklasann, með þátttöku Isavia og Air Iceland Connect (AIC), meðal farþega í tengiflugi AIC milli Keflavíkur og Akureyrar. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið kynntar og gefa ótvírætt til kynna áhuga og ánægju heimamanna með þennan valkost. Niðurstöður úr könnunni má finna í skýrslu RMF hér <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/frettir/fartheagar-anaegdir-med-tengiflug-milli-keflavikur-og-akureyrar>

AIC hafði ákveðið að hætta þessu tengiflugi eftir aðeins eins árs starfsemi. AIC tilkynnti síðar á ráðstefnu flugklasans 3. maí að félagið myndi aftur hefja samskonar tengiflug frá október 2018 – maí 2019. Um er að ræða 4 flug á viku á þessu tímabili og með 37 sæta vélum í stað 74 sæta vélum áður. Ekki er gert ráð fyrir áætlun yfir sumartímamann. Það er ánægjulegt að þessi tenging komist aftur á og vonandi nær hún að festa sig í sessi til framtíðar.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Innra starf

Flugklasinn hélt ráðstefnu um flugmál fimmtudaginn 3. maí. Á fundinum var rætt um innanlandsflug og framtíðarstefnu í þeim málaflokki. Einnig framtíðarsýn fyrir Akureyrflugvöll, hvernig staðan er og hvað þarf til að völlum geti sinnt sem best auknu millilandaflugi. Fulltrúi Super Break var með erindi þar sem rakin var reynsla bresku ferðaskrifstofunnar af því að fljúga fólki hingað og dregið var fram hversu mikil áhrif þessar flugferðir hafa fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi. Ráðstefnan var mjög vel sótt (um 120 manns) og greinilegt að mikill áhugi er á þessum málum meðal heimafólks. Sjá má upptökur frá ráðstefnunni hér <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/frettir-af-innra-starfi/frettir/upptaka-fra-vorradstefnu-mn-og-air-66n>

Mikill tími fór í baráttu fyrir uppsetningu nýs aðflugsbúnaðar, s.k. ILS búnaðar fyrir aðflug úr norðri á Akureyrarflugvöll. Flugklasinn hefur fundað með samgönguráðherra, forstjóra Isavia, þingmönnum og fleiri aðilum til þess að knýja á um að búnaðurinn verði settur upp. Loks núna í september kom endanleg staðfesting á því að þessi búnaður verði keyptur og settur upp. Framkvæmdatíminn er hins vegar áætlaður um 11 mánuðir og búnaðurinn því ekki tilbúinn til notkunar fyrr en í lok næsta sumars. eru það viss vonbrigði að uppsetningin hafi ekki náðst fyrir flugferðir Super Break á komandi vetri. En hins vegar stór sigur að búnaðurinn muni koma þótt það verði ekki fyrr en eftir ár. Mikilvægi þess að þessi búnaður sé til staðar er gríðarlegt, sérstaklega þegar kemur að viðræðum við erlenda flugrekstraraðila sem hafa áhuga á að fljúga beint til Akureyrar. Einnig er búnaðurinn mikilvægur til að auka notagildi flugvallarins sem varaflugvallar.

Verkefnastjóri flugklasans tók sæti í starfshópi um aðstöðu fyrir flugfarþega í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli, sem stofnaður var að frumkvæði Akureyrarbæjar. Megináherslan þar er að bæta aðstöðu á flugvellinum, fyrst til skamms tíma, svo betur megi taka á móti farþegum í millilandaflugi. Hópurinn skipa auk verkefnastjóra Halla Björk Reynisdóttir forseti bæjarstjórnar, Hlynur Jóhannsson bæjarfulltrúi og Hjördís Þórhallsdóttir flugvallarstjóri á Akureyrarflugvelli. Hópurinn hefur nú þegar fundað með forstjóra Isavia um möguleika til að bæta aðstöðuna til skamms tíma án mikilla framkvæmda eða kostnaðar.

Verkfræðistofan Efla hefur unnið fyrir Eyþing uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll. Er áætluninni ætlað að taka á þeim verkefnum sem þarf að vinna á næstu árum til að byggja flugvöllinn upp til framtíðar fyrir aukna flugumferð, einkum frá millilandaflugi. Áætlunin var birt fyrir skömmu og má finna hana hér <https://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkyslur/1.-akureyrarflugvollur-uppbyggingaraetlun-.pdf> Þessi áætlun verður án efa lóð á vogarskálar Flugklasans í baráttunni fyrir fjárfestingum í innviðum Akureyrarflugvallar til framtíðar.

Í kjördæmaviku í byrjun október hitti fulltrúi Flugklasans þingmenn kjördæmisins, þar sem til umræðu var staðan í flugmálum á svæðinu og sú brýna þörf á uppbyggingu og framtíðaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll og aðra innanlandsflugvelli á Norðurlandi.

Hvað er framundan?

Markaðssetning á áfangastaðnum Norðurlandi er verkefni sem á engan endapunkt. Unnið verður með innlendum og erlendum aðilum í framleiðslu á efni og birtingu þess sem víðast.

Flugklasinn mun vinna með Super Break að undirbúningi fyrir flugferðirnar á komandi vetri. Það felur í sér upplýsingagjöf, móttöku blaðamanna og ýmislegt fleira. Þá mun Flugklasinn taka á móti fulltrúum Titan Airways þegar þeir koma hingað í heimsókn í nóvember til þess að kynna sér aðstæður og áfangastaðinn.

Viðræður við hollensku ferðaskrifstofuna munu halda áfram og stefnt er að því að ákvörðun um það verkefni liggja fyrir í nóvember. Er það mjög spennandi verkefni og yrði gríðarlega mikilvæg viðbót við það flug sem nú þegar er komið.

Fulltrúi Flugklasans mun sækja ferðaráðstefnuna World Travel Market í London 5.-7. nóvember. Ráðstefnan er haldin árlega og er ein sú stærsta í heimi af þessu tagi. Þátttakan er í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofu. Í janúar verður Flugklasinn með þátttöku á Mannamótum og Mid-Atlantic í Reykjavík að venju.

Eitt stærsta verkefnið framundan er barátta fyrir heildaruppbyggingu á Akureyrarflugvelli. Mikilvægi þess að hafa öflugan alþjóðaflugvöll á Norðurlandi hefur aldrei verið meira og hagsmunirnir í húfi eru gríðarlegir. Flugklasinn mun halda áfram að þrýsta á uppbygginu Akureyrarflugvallar til framtíðar.



Akureyri, 8. október 2018
Hjalte Páll Þórarinnsson
Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N